



874.fundur stjórnar GSÍ, 10.mars 2016, kl. 17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Theodór Kristjánsson, Jón Júlíus Karlsson og Brynjar Eldon Geirsson sem jafnframt ritaði fundinn.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir frá 9. febrúar 2016 (872) og 11. febrúar 2016 (873) voru lagðar fram til samþykktar og undirritaðar.

#### 2. Framkvæmdarstjóri boðinn velkominn

Forseti bauð nýráðinn framkvæmdarstjóra GSÍ, Brynjar Eldon Geirsson, velkominn til starfa. Brynjar þakkaði fyrir góðar móttökur hjá stjórn og samstarfsmönnum.

#### 3. Samstarfsaðilar

Rædd var staða GSÍ gagnvart sínum samstarfsaðilum í breiðu samhengi og minnti forseti stjórnarmenn á að allir þyrftu að leggjast á eitt varðandi öflun samstarfsaðila til framtíðar fyrir sambandið og mótaraðir GSÍ.

Kynntur var til leiks nýr samstarfsaðili GSÍ á Eimskipsmótaröðinni. Bílaumboðið Bernhard (Honda), hefur samþykkt að gera þriggja ára samning við sambandið.

Forseti kynnti tillögu markaðstjóra um að bjóða KPMG að vera samstarfsaðili vegna Íslandsmótsins í holukeppni. Með því yrði núverandi fyrirkomulag KPMG-bikarsins lagt niður. Með þessu er talið að KPMG fái meira út úr samstarfinu og verði hluti af Eimskipsmótaröð GSÍ.

#### 4. Ráðning mótsstjóra GSÍ

Forseti skýrði vel frá forsögu þessa starfs og fór yfir hugmyndir um samstarf við PGA í þessa veru. Hugmyndin snýr að því að ráða starfsmann sem myndi vinna fyrir báða aðila í jöfnum hlutföllum. Starfsmaðurinn yrði mótsstjóri GSÍ, samhliða starfi sínu sem framkvæmdastjóri PGA og skólastjóri golfkennaraskólans.

Forseti nefndi Andreu Ásgrímsdóttur í þessu sambandi, sem uppfyllir kröfur beggja aðila varðandi starfslýsingu og hæfni. Stjórn var einróma í þeirri skoðun að slík ráðning væri framfaraskref fyrir bæði samtökin og til þess fallin að auka enn frekar samstarf samtakanna. Framkvæmdarstjóra var falið að ganga frá ráðningu starfsmanns.

#### 5. Íslandsmótið í golfi

Forseti fór yfir starfshætti síðastliðinna ára við úthlutun á mótinu til mótshaldara og kynnti um leið hugmyndir að framtíðar starfsháttum við úthlutun á mótinu.

Rædd voru komandi Íslandsmót og staðsetningar þeirra, GA 2016, GK 2017 og GV 2018 en á stjórnarfundum sambandsins í nóvember 2013 var samþykkt að fela þessum klúbbum framkvæmd mótsins.

Stjórnarmenn voru sammála um að koma málum sem snúa að vali á Íslandsmótsvöllum í fastar skorður, samkvæmt tillögum að flokkun golfvalla, sem unnið er að um þessar mundir. Unnið yrði samkvæmt þeim tillögum frá og með árinu 2019.



## 6. Útgáfuáætlun 2016

Bergsteinn Hjörleifsson fræddi fundinn um þá vinnu sem hefur farið fram í kringum útgáfumál GSÍ og endaði á að sýna fundarmönnum skjal sem innihélt áætlun ársins 2016 í útgáfumálum. Einnig fór Bergsteinn yfir þá úttekt/mat sem unnið er að á tölvukerfi sambandsins [www.golf.is](http://www.golf.is) en sú vinna fer vel af stað og er skýrslu að vænta í haust.

Eggert Ágúst Sverrisson stakk upp á því að sambandið myndi dreifa betur tímaritinu Golf á Íslandi á ýmsar biðstofur landsins, svo sem tannlæknastofur, læknastofur o.fl. Útgáfunefnd var falið að kanna málið betur.

## 7. Afmæli GSÍ - 75 ára

Forseti ræddi það að nú þyrfti að fara að huga að undirbúningi fyrir 75 ára afmæli GSÍ. Forseti tilkynnti fundi að háttsettir gestir innan alþjóða golfhreyfingarinnar hefðu lýst yfir áhuga sínum á að vera viðstaddir afmæli GSÍ en þó væri ekkert ráðið í þeim efnum. Það væri engu að síður mikilvægt að ákveða tímasetningu afmælishátarinnar sem fyrst. Hafist var handa með skipun afmælisnefndar og tóku strax tveir stjórnarmenn sæti í nefndinni. Það voru þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Haukur Örn Birgisson.

## 8. Önnur Mál

- Forgjafarkerfið, ræddar voru þær breytingar sem hafa átt sér stað á forgjafarkerfi EGA sem taka gildi á þessu ári. Breytingarnar verða kynntar með markvissum hætti á næstu vikum.
- Bergsteinn Hjörleifsson kynnti markmið starfshóps í kringum tölvumál GSÍ
- Tilkynnt var um nafnabreytingu vegna sameiningar Golfklúbbs Ólafsfjarðar og Golfklúbbs Siglufjarðra, sem verður nú Golfklúbbur Fjallabyggðar (GFB). Arnar Geirsson mun breyta skráningu í kerfum.
- Forseti sagði í stuttu máli frá alþjóðlegum vangaveltum varðandi sameiginlegt forgjafarkerfi, sem ræddar voru á síðasta fundi framkvæmdastjórnar EGA.
- Mikilvægt er að halda áfram svokölluðum samráðsfundum með stjórnendum golfklúbba, víðs vegar um landið. Forseti og framkvæmdastjóri muni setja saman dagskrá fyrir vorið og senda á stjórnarmenn.
- Jón Júlíus, formaður mótanefndar sagði frá því að GB hefði gefið frá sér mót (4) á Íslandsbankamótaröðinni en nú væri unnið í því að finna mótinu nýjan stað.
- Forseti lagði til að stjórnarfundur GSÍ yrði haldinn á Akureyri í þeirri viku sem Íslandsmótið í Golfi er haldið og var sú tillaga samþykkt.
- 

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:30